

2019

Golfklúbbur Sauðárkróks



Aðalfundur GSS
25. nóvember 2019

Efnisyfirlit

Dagskrá aðalfundar	2
Skýrsla formanns	3
Skýrsla mótanefndar	6
Skýrsla barna- og unglínganefndar GSS.....	8
Skýrsla kynningar- og nýliðanefndar	13
Skýrsla forgjafarnefndar	14
Skýrsla vallarnefndar	24
Lög Golfklúbbs Sauðárkróks	25
Stjórn og nefndir á liðnu starfsári 1. nóv. 2018 – 31.okt. 2019	28
Tillaga að stjórn og nefndum GSS fyrir starfsárið 2020	29
Tillaga til aðalfundar að gjaldskrá fyrir 2020	30

Dagskrá aðalfundar

1. Skýrsla stjórnar og nefnda
 1. Skýrsla formanns
 2. Skýrsla mótanefndar
 3. Skýrsla unglínganefndar
 4. Skýrsla kynningar og nýliðanefndar
 5. Skýrsla forgjafarnefndar
 6. Skýrsla vallarnefndar
2. Endurskoðaðir reikningar lagðir fram.
3. Lagabreytingar.
4. Kosning stjórnar og varamanna.
5. Kosning í aðrar nefndir samanber 9.gr.
6. Kosnir tveir skoðunarmenn reikninga og tveir til vara.
7. Kosning fulltrúa á þing U.M.S.S.
8. Ákvörðun inntökugjalds samkv. 3gr.
9. Ákvörðun félagsgjalda samkv. 5.gr.
10. Önnur mál.

Skýrsla formanns

Stjórnina 2019 skipuðu: Kristján Bjarni Halldórsson formaður, Halldór Halldórsson varaformaður, Dagbjört Rós Hermundsdóttir ritari, Kristján Eggert Jónasson gjaldkeri, Andri Þór Árnason formaður mótanefndar, Helga Jónína Guðmundsdóttir formaður barna- og unglínganefndar og Guðmundur Ágúst Guðmundsson formaður vallarnefndar. Vallarstjóri er Guðmundur Þór Árnason

Golfsumarið byrjaði snemma árið 2019. Völlurinn kom vel undan vetri og var sleginn seinni partinn í apríl. Guðmundur Þór Árnason vallarstjóri vann gott starf að venju ásamt vallarstarfsmönnum en það voru þeir Arnar Geir Hjartarson, Atli Freyr Rafnsson, Árni Rúnar Guðmundsson, Hákon Ingi Rafnsson og Hlynur Freyr Einarsson. Þeir Arnar Geir og Atli Freyr voru ekki í fullu starfi við umhirðu vallar og slátt, þeir voru að hluta til í starfi við þjálfun barna- og unglínga. Í vetur verður standsett vinnuaðstaða fyrir vallarstarfsmenn en vinnan hófst síðla sumars 2019.

Barna- og unglíngastarf er í örum vexti hjá GSS líkt og fram kemur í skýrslu barna- og unglínganefndar. Starfið skipar mikilvægan sess hjá klúbbnum. Ánægjulegt er hve vel tókst til með þjálfun og það kom skemmtilega á óvart hve margir krakkar sóttu æfingar í inniaðstöðu á Borgarflöt 2a sl. vetur. Farin var æfingarferð til Spánar og önnur á döfinni, til Danmerkur í upphafi næsta sumars.

Hlíðarendavöllur er stolt félagsmanna og er lofaður af öllum sem sækja hann heim. Honum hefur verið haldið vel við en það er mikið verk að vinna. Völlurinn er 29 hektarar að stærð innan vallarmarka og því stærsta íþróttamannvirki í Skagafirði. Hann þjónar ekki aðeins félagsmönnum GSS heldur er hann aðráttarafl fyrir ferðamenn. Þar er tækifæri að gera betur og fá fleiri ferðagolfara til að sækja völinn heim. Orðsporið er þar mikilvægast en við þurufm að vera dugleg að vekja athygli á vellinum og auka hlut okkar í ferðþjónustu í Skagafirði.

Sjoppan í golfskálanum opnaði í byrjun júní og lokaði í lok ágúst. Opnunartími var 10:00 til 18:00 á virkum dögum, en á þriðju- og miðvikudögum var opið lengur vegna mótahalds. Um helgar var opnunartíminn 10:00 til 16:00, en lengur ef mótahald krafðist þess. Starfsmaður í skála var Lára Haraldsdóttir sem sinnti starfinu í fullu sumarstarfi. Til að geta lokað vaktaplaninu tók Málfríður Haraldsdóttir vaktir í hlutastarfi og félagsmenn tóku fjölda vakta í sjálfboðastarfi. Ef upp komu forföll í sjoppunni þá leystu vallarstarfsmenn málin.

Sú nýjung varð í kynningar- og nýliðastarfi árið 2019 að útbúinn var kynningarbæklingur um golfklúbbinn og borinn í öll hús á Sauðárkróki. Þar að auki var lögð áhersla á það að gera starf okkar sýnilegt, t.d. með því að senda reglulega fréttir til ritstjórnar Feykis. Heimasíðan fékk andlitslyftingu í byrjun árs. Hjörtur Geirmundsson hefur haft umsjón með heimasíðunni undanfarin ár. Heimasíðan

varð svo enn betri þegar Þórður Karl Gunnarsson myndaði brautirnar með hjálp dróna frá Verkfræðistofunni Stoð ehf. Hjörtur skelkti upptökunum á heimasíðuna og nú er hægt að skoða kvikmyndir af brautunum.

Hefð er komin á nokkura vikna nýliðanámskeið sem haldið var nú fjórða árið í röð. Fólki gefst kostur á að greiða nýliðagjald og fá námskeiðið frítt. Um 20 þátttakendur skráðu sig og sáu Arnar Geir, Atli Freyr og Árný Lilja um að leiðbeina áhugasömum nýliðum.

Mótahald var blómlegt. Í skýrslu formanns mótanefndar kemur fram að haldin voru 36 golfmót sumarið 2019 á vegum mótanefndar, nýliðanefndar og barna og unglinganefndar. Þar að auki voru haldin ýmis mót í inniaðstöðu Borgarflöt 2a síðastliðinn vetur.

Félagsmenn nutu góðs af heimsóknum John Garner og Óla Barðdal sem þjáfluðu börn og unglinga. John Garner kom tvisvar en Óli Barðdal einu sinni. John Garner bauð upp á einkatíma fyrir alla félagsmenn og Óli Barðdal bauð upp á einkatíma og hópnámskeið.

Nú eru 167 félagar skráðir í GSS en 154 í lok síðasta árs. Vonandi tekst okkur áfram að gera starfið áhugavert og félagsmenn finni að allir eru velkomnir, hver á sínum forsendum.

Bæði karla- og kvennasveitir frá GSS tóku þátt í Íslandsmóti Golfklúbba. Karlasveitin keppti í 3. deild og konurnar í efstu deild. Báðar sveitir stóðu sig vel og héldu sætum sínum í deildum. Karlasveitin var reyndar hársbreidd frá því að fara upp um deild. Sveitarstjórar voru þau Árný Lilja Árnadóttir og Hjörtur Geirmundsson. GSS hefur sótt um að halda Íslandsmótið í 3. deild karla árið 2020 og bíður svars.

Nýjar golfreglur litu dagsins ljóss í upphafi árs 2019 og nýjar reglur um forgjöf taka gildi í upphafi árs 2020. Dómarar klúbbsins þurftu að endurnýja réttindi sín til að mega dæma eftir nýjum reglum. Ekki ber á öðru en að félagsmönnum hafi gengið vel að spila samkvæmt nýjum reglum.

Í maí 2015 var gerður samningur við Sveitarfélagið Skagafjörð um árlegan rekstrarstyrk vegna barna- og unglingastarfs ásamt samningi um bæjarlátt og slátt á íþróttavelli. Þessi samningur gildir til 10 ára, eða til loka 2024. Stjórn GSS hefur lagt sig fram við að efna þennan samning ásamt því að sýna ábyrgð í rekstri félagsins. Undanfarið hafa farið fram viðræður mill stjórnar GSS og sveitarfélagsins um uppfærslu eða endurskoðun samningsins.

Stefna GSS til næstu ára var kynnt á fundi sem haldinn var í fjölbrautaskólanum þann 18. nóvember. Mæting var góð, full stofa. Á fundinum var einnig farið yfir starfsáætlun og gerð handbókar. Starfsáætlun GSS fyrir árið 2020 litast af 50 ára afmæli klúbbsins. Þar má nefna 50 ára afmælisrit GSS, afmælisferð barna og unglinga til Danmerkur, afmælisferð fullorðinna félagsmanna til Póllands og veglegt afmælistmót. Einng er stefnt að því að hefja viðræður um byggingu fjölnota húss við

sveitarfélagið, aðildarfélög UMSS og ýmis önnur félög. Stefnt er að því að hefja fjármögnun Trackman golfhermis árið 2020. Vallarnefnd hefur jafnframt unnið áætlun um framkvæmdir á vellinum fyrir árin 2020 - 2024. Áhugasömum er bent á drög að handbók á heimasíðu GSS sem inniheldur stefnu og starfsáætlun. Handbókin verður kláruð í framhaldi af aðalfundi og aðgengileg á heimasíðu GSS (www.gss.is).

Starfsmenn GSS fá þakkið fyrir vel unnin störf á árinu sem og allir sjálfboðaliðar í stjórn, nefndum eða öðrum hlutverkum. Að lokum er öllum styrktaraðilum þakkað, án þeirra væri starfið erfitt.



F.h. Golfklúbbs Sauðárkróks

Kristján Bjarni Halldórsson
Formaður

Skýrsla mótanefndar

Lögð fram á aðalfundi Golfklúbbs Sauðárkróks að Hlíðarenda 25. nóvember 2019.

Mótanefnd: Andri Þór Árnason formaður, Hjalti Árnson, Kristbjörg Kemp og Pétur Björnsson

Haldin voru 36 golfmót sumarið 2019 á vegum mótanefndar, nýliðanefndar og barna og unglinganefndar. Mótahald gekk vel engin alvarleg atvik áttu sér stað og almennt var framkoma keppenda til fyrirmyndar. Samtals var 237 skorkortum skilað inn s.l. sumar í Kaffi Króks mótariðinni til samanburðar var 228 skorkortum skilað inn árið 2018 og því örlítill fjölgun frá árinu á undan.. Alls tóku 250 keppendur þátt í sex opnum mótum síðastliðið sumar. Að meðaltali voru 36 keppendur í hverju opnu móti 2019, sem er aukning frá árinu á undan en rétt undir meðaltali síðustu fimm ára. Flestir keppendur voru á Opna Steinullarmótinu og á Kvennamóti GSS en í báðum mótum voru 56 keppendur skráðir til leiks. Á undanförunum fimm árum hafa keppendur á Meistaramóti GSS verið á bilinu 27-31 og því var mjög ánægjulegt að sjá fjölgun í 38 keppendur á þessu ári. Í heildina jókst þáttta í mótum en alls voru 880 skorkortum skilað inn í mótum sumarsins sem er rúmlega 13% aukning frá árinu á undan.

Tafla 1. Þátttaka í mótum 2013-2019

	Fjöldi þátttakenda 2019	Fjöldi móta 2019	Fjöldi þátttakenda 2018	Fjöldi móta 2018	Fjöldi þátttakenda 2017	Fjöldi móta 2017	Fjöldi þátttakenda 2016	Fjöldi móta 2016	Fjöldi þátttakenda 2015	Fjöldi þátttakenda 2014	Fjöldi þátttakenda 2013
Kaffi Króks Mótarið	237	10	228	10	279	10	239	10	251	246	269
Nýliða- og háförgjafamót	166	10	124	10	122	10	141	10	100	102	72
Opna KS mótið	24	1	36	1	36	1	34	1	14	44	40
Holukeppni GSS	16	1	16	1	16	1	16	1	16	17	36
Jónsmessugleði							18	1			9
Nýprent Open unglingar	31	1	26	1	21	1	38	1	27	51	46
Nýprent Open byrjendur	28	1	22	1	31	1	13	1	11	24	23
Minningamót um Friðrik J. Friðriksson	30	1	20	1	26	1	29	1	26	28	31
Meistaramót GSS börn og unglingar	13	1	11	1	19	1	17	1	12	15	20
Opna Kvennamót GSS	56	1	31	1	53	1	48	1	39	37	53
Meistaramót GSS	38	1	28	1	31	1	28	1	27	28	30
Opna Steinullarmótið	56		49	1	53	1	39	1	28	30	53
Opið mót á Landsmóti			43	1							
Opna Hlíðarkaupsmótið	32	1	19	1	41	1	30	1	22	40	37
Opna Advania	28	1	28	1	20	1	28	1	32	34	30
Opið mót á Hlíðarenda			23	1						22	25
Texas Slútt	24	1								14	23
Styrktarmót fyrir Arnar Geir	38	1			53	1	46	1			
Haustmót og vormót	63	4	69	6	113	6	115	7	136	80	14
Samtals	880	36	773	39	914	38	914	41	764	834	866

Meistaramót GSS

Meistaramótið fór fram 10-13. júlí. Leikfyrirkomulag var höggleikur án forgjafar. Keppni var misjafnlega jöfn og spennandi og réðust úrslit í umspili í nokkrum flokkum. Klúbbmeistarar GSS 2019 eru Árný Lilja Árnadóttir og Arnar Geir Hjartarson eins og undanfarinn ár.



Tafla 2. Helstu úrslit í Meistaramóti GSS 2019

Sæti	Meistaraflokkur karla	Högg	Sæti	2. flokkur karla	Högg	Sæti	2. flokkur karla	Högg
1.	Arnar Geir Hjartarson	298	1.	Guðni Kristjánsson	406	1.	Ásmundur Baldvinsson	362
2.	Ingvi Þór Óskarsson	324	2.	Alexander Franz	425	2.	Guðmundur Gunnarsson	363
2.	Hákon Ingi Rafnsson	324	3.	Tómas Bjarki	425	3.	Friðjón Bjarnason	367
	Meistaraflokkur kvenna			Öldungaflokkur kvenna	Högg			
1.	Árný Lilja Árnadóttir	324	1.	Ragnheiður Matthíasdóttir	295			
2.	Hildur Heba	346	2.	Ólöf Herborg	319			
3.	Anna Karen	364	3.	Hafdís Skarphéðinsdóttir	324			
	1. flokkur karla			1. flokkur kvenna	Högg			
1.	Andri Þór	348	1.	Una Karen	408			
2.	Hjörtur Geirmundsson	357	2.	Rebekka Helena Baðdal	409			
3.	Rafn Ingi	357	3.	Aldís Hilmarsdóttir	421			

Meistaramót GSS í holukeppni

Alls voru skráðir 16 keppendur í holukeppni GSS þetta árið og fór það svo að Rafn Ingi Árnaon tók sig til og kláraði allar sínar viðureignir með stæl og er því meistari GSS í holukeppni árið 2019.



Kaffi Króks mótaröðin

Samtals skiluðu keppendur á mótaröðinni inn 237 skorkortum sem er nokkur fjölgun frá árinu á undan. Óhætt er að segja að keppnin hafi ekki verið eins spennandi og undanfarinn ár þar sem Arnar Geir Hjartarson var einfaldlega í sérflokkum og var að spila afar vel í allt sumar. Sigráði hann í raun bæði með og án forgjafar. Þá verður að minnast á Arnar Geir Hjartarson setti nýtt vallarmet á Hlíðarendavelli þegar hann spilaði á 67 höggum eða 5 höggum undir pari vallarins. Vallarmetið setti hann á miðvikudagsmóti Kaffi Króks 7. ágúst.



Skýrsla barna- og unglínganefndar GSS

Í nefndinni störfuðu Helga Jónína Guðmundsdóttir formaður, Hanna Dóra Björnsdóttir, Sylvía Dögg Gunnarsdóttir, Róbert Óttarsson og Margrét Helga Hallsdóttir.

Eins og undanfarin ár var unglínganefndin með vikulegar æfingar fyrir börn og unglínga síðastliðinn vetur og hófust þær í byrjun janúar og stóðu yfir þar til sumaræfingarnar tóku við í júníbyrjun.

Mæting var framfar björtustu vonum og var sú ákvörðun tekin að fjölga æfingatímum og aldurskipta hópnum enn meira. Krakkar í 1-3 bekk mættu á mánudögum frá 17-18, 4-5 bekkur mættu svo sömu daga kl. 18:10-19:10 en 6. bekkur og eldri mættu á fimmtudögum frá 17:30-19:00. Vel var mætt á þessar æfingar og þá sérstaklega hjá yngri iðkendum. Atli Freyr Rafnsson og Arnar Freyr Guðmundsson sáu um inniæfingarnar þetta tímabil.

Snemma árs fóru Alexander Franz Þórðarson og Rebekka Helena Barðdal saman inn í alla bekk í yngsta- og miðstigi Árskóla, þau kynntu vetrarstarf klúbbsins og dreifðu blöðum með upplýsingum um æfingatíma og fl.



Hópur barna og unglínga úr GSS fór í æfingaferð til Novo Sancti Petri á Spáni mánaðarmótin mars/apríl. Ferðin sem var í samvinnu við Golfklúbb Akureyrar GA, Golfklúbb Fjallabyggðar GFB og Golfklúbb Dalvíkur GHD gekk einstaklega vel í alla staði og nutu kylfingarnir okkar þess að spíla golf við frábærar aðstæður. Dagskrá krakkanna var mjög þétt, æfingar og spílamennska til skiptis sem endaði svo í golfmóti síðustu tvo dagana þar sem krakkarnir, foreldrar og þjálfari tóku öll þátt. Heiðar Davíð yfirþjálfari GA hafði yfirumsjón með ferðinni og veitti krökkunum góða tilsögn. Krakkarnir fengu mikinn stuðning sem gerði þeim kleift að fara í þessa ógleymanlegu ferð. Styrki fengu þau frá Golfklúbbum,

Kaupfélagi Skagfirðinga, Arion banka og Landsbankanum. Þar að auki voru klúbbfélagar, vinir, fjölskyldur og bæjarbúar einstaklega viljugir við að kaupa af þeim hinn ýmsa varning.

Þessi ferð var sú fyrsta sem hefur verið farin á vegum barna- og unglíngastarfs GSS en alls ekki sú síðasta því nú hefur verið tekin ákvörðun um að fara æfinga- og skemmtiferð til Danmerkur í byrjun júní 2020. Þá verður klúbbur Óla Barðdal í Árósum heimsóttur og lítur út fyrir að þátttakendur í þeirri ferð verði ríflega 30 alls, börn og foreldrar.

Sumarstarfið hófst með fjölskyldudegi að Hlíðarenda laugardaginn 26. maí þar sem starf golfskólans var kynnt. Haldinn var skiptimarkaður þar sem þónokkuð af búnaði og fatnaði skipti um eigendur. Auk þess voru krakkarnir dugleg að fara í hina ýmsu golfleiki þrátt fyrir norðanátt og kulda. Golfskólinn fór af stað í byrjun júní, var þátttaka ljómandi góð í sumar og ungir iðkendur bættust í hópinn.



Golfkennsla þetta sumarið var með svipuðu sniði og í fyrrasumar. Arnar Geir Hjartarson leiðbeindi 12 ára og eldri unglíngum en Atli Freyr Rafnsson sá um að leiðbeina yngri iðkendum ásamt þeim Önnu Karen Hjartardóttur og Söndru Björk Hrannarsdóttur. Líkt og í fyrrasumar kom John Garner, breskur golfkennari og fyrrverandi landsliðsþjálfari og var með kennslu fyrir börnin og unglíngana, auk þess sem hann bauð upp á kennslu fyrir fullorðna. Hann kom tvisvar í upphafi sumars og krakkarnir fjölmenntu á æfingarngar. Til tilbreytingar og til að lífga upp á starfið þá var t.d. farið með yngri hópinn í Frisbígolf og lautarferð einn góðviðrisdaginn. Í vor skoruðu krakkarnir á foreldra í Frisbígolf í Litla Skógi einn laugardagsmorguninn og var mætingin góð.



Um miðjan júlí fengu börn og unglíngar kennslu frá Óla Barðdal PGA kennara sem starfar við golfklúbb Árósa í Danmörku. Hann var með aldurskiptar æfingar og var mæting góð og krakkarnir áhugasamir.

Nýprent mótið var haldið sunnudaginn 23. júní. Þátttakendur voru 58 talsins frá Akureyri, Dalvík, Fjallabyggð auk heimafólks og gekk mótið í alla staði vel. Mótið er hluti af Norðurlandsmótaröðinni sem er samstarfsverkefni GSS, GFB, GHD og GA. GSS átti 18 keppendur á mótaröðinni og stóðu þau sig með þryði. Þetta árið deildi Anna Karen Hjartardóttir Norðurlandsmeistaratitlinum með Köru Líf Antonsdóttur frá GA í flokki 14 ára og yngri stúlkna og Una Karen Guðmundsdóttir var í 3ja sæti í sama flokki. Hildur Heba Einarsdóttir var í 2. sæti í flokki 15-17 ára stúlkna.

Meistarmót barna og unglunga var haldið 8-10 júlí með 12 þátttakendum. Úrslit voru eftirfarandi:

11-14 ára drengir (léku 9 holur, 3 daga)

1. Axel Arnarson 178 högg

10 ára og yngri drengir (léku 9 holur, 3 daga)

1. Bjartmar Dagur Þórðarson 184 högg

10 ára og yngri stúlkur (léku 9 holur, 3 daga)

1. Dagbjört Sísí Einarsdóttir 217 högg
2. Berglind Rós Guðmundsdóttir 327 högg

Byrjendaflokkur II strákar (léku 9 holur, gylltir teigar, 3 daga)

1. Hallur Atli Helgason 160 högg
2. Kjartan Arnarsson 213 högg

Byrjendaflokkur II stelpur (léku 9 holur, gylltir teigar, 3 daga)

1. Emilía Ragnheiður Róbertsdóttir 191 högg
2. Gígja Rós Bjarnadóttir 221 högg

Byrjendaflokkur I strákar (léku 5 holur, gylltir teigar, 3 daga)

1. Patrikur Elí Magnússon 129 högg
2. Brynjar Morgan Brynjarsson 138 högg
3. Dominic Þór Jónsson 161 högg

Byrjendaflokkur I stelpur (léku 5 holur, gylltir teigar, 3 daga)

1. Pálína Petra Magnúsdóttir 170 högg

Að auki kepptu 7 unglingar í Meistarmóti GSS sem fór fram 10-13 júlí og náðu þau góðum árangri:

Meistaraflokkur kvenna (léku 9 holur, 4 daga)

2. Hildur Heba Einarsdóttir 346 högg
3. Anna Karen Hjartadóttir 364 högg

Fyrsti flokkur karla (léku 9 holur, 4 daga)

8. Arnar Freyr Guðmundsson 388 högg

Fyrsti flokkur kvenna (léku 9 holur, 4 daga)

1. Una Karen Guðmundsdóttir 408 högg
2. Rebekka Helena Róbertsdóttir 409 högg

Annar flokkur karla (léku 9 holur, 4 daga)

2. Alexander Franz Þórðarson 425 högg
3. Tómas Bjarki Guðmundsson 425 högg


Þann 18. júlí var skellt í Speed-golfmót og spreyttu krakkarnir sig á 9. braut. Vel var mætt og stóðu þau sig mjög vel. Að mótinu loknu var haldin verðlaunaafhending, annarsvegar fyrir frammistöðu dagsins og hinsvegar fyrir meistaramótið. Að verðlaunaafhendingu lokinni gæddu börn og foreldrar sér á pizzum.

Ekki viðraði vel til golfiðkunar mánaðarmótin ágúst/september og brá unglínganefndin því á það ráð að hafa haustferðina með nýju sniði. Hún var farin föstudaginn 6. September og var ferðinni heitið til Akureyrar þar sem börn og foreldrar skelltu sér á skauta, í sund og að lokum í pizzahlaðborð á Greifanum. Metþátttaka var því alls mættu 23 börn og 12 foreldrar í ferðina og ekki var annað að sjá en að allir skemmtu sér konunglega.



Uppskeruhátíð sumarstarfsins var haldin 30. september með bingói, kaffi, vöfflum, kruðerí frá Sauðárkróksbakarí og verðlaunaafhendingu. Bikarar voru afhentir fyrir mestar framfarir og bestu ástundun í flokkunum 12 ára og eldri og svo 11 ára og yngri en leiðbeinendur sáu um valið. Í eldri flokkunum fengu Anna Karen Hjartardóttir og Tómas Bjarki Guðmundsson framfararverðlaun og Una Karen Guðmundsdóttir verðlaun fyrir bestu ástundun.

En í yngri flokknum fengu Dagbjört Sísí Einarsdóttir og Gunnar Atli Þórðarson framfararverðlaun og Hallur Atli Helgason og Brynjar Morgan Brynjarsson verðlaun fyrir bestu ástundun. Allir iðkendur fengu afhent viðurkenningarskjal, þar sem árangur sumarsins var tekinn saman fyrir hvern og einn. Arion banki og Landsbankinn gáfu verðlaun í bingóið.



Við viljum þakka þeim fjölmörgu sem lögðu til hjálparhönd í starfinu í sumar, stjórn klúbbsins sem studdi okkur dyggilega, foreldrum og öðrum sjálfboðaliðum. Öflugt og óeigingjarnt starf sjálfboðaliða gerir okkur kleift að halda úti öflugum barna- og unglingastarfi og vonum við að svo verði áfram. Þeim Arnari Geir, Atla Frey, Önnu Karen og Söndru Björk færum við kærar þakkir fyrir þjálfunina í sumar, þau sinntu henni vel og ungu kylfingarnir okkar mættu vel á æfingar hjá þeim, skemmtu sér og sýndu góðar framfarir.

F.h. barna- og unglinganefndar

Helga Jónína Guðmundsdóttir

Skýrsla kynningar- og nýliðanefndar

Nefndina skipuðu: Dagbjört Rós Hermundsdóttir, Hafdís Skarphéðinsdóttir, Herdís Sæmundardóttir, Guðrún Björg Guðmundsdóttir og Erna Baldursdóttir.

Helsta verkefni nefndarinnar var að sjá um Hard Wok háforgjafarmótaröðina. Við héldum 10 mót sem Hard Wok styrkti af miklum myndarskap, en sigurvegarnir fengu gjafabréf frá þeim í verðlaun. Það voru 7 mismunandi sigurvegarar í mótunum tíu. Þeir voru Bjartmar Dagur Þórðarson, Sýlvía Dögg Gunnarsdóttir, Kristján Óli Jónsson, Sigríður Svavarsdóttir og þau Axel Arnarsson, Herdís Sæmundardóttir og Þorsteinn Þorsteinsson sigruðu í tveimur mótum. Spilamennskan í mótunum var yfirleitt nokkuð góð og oftar en ekki var sigurvegarinn með forgjafarlækkun og stundum voru fleiri en vinningshafinn með lækkun.

Þátttakan í mótunum var mjög góð og er alltaf gaman að fá nýja kylfinga inn í mótinn, en nokkrir nýjir kylfingar bættust í frábæran hóp sem fyrir var. Við ákváðum að halda áfram að bjóða þeim kylfingum sem eru með lægra en 30 í forgjöf að taka þátt í mótunum en þeir geta ekki unnið til verðlauna. Okkur finnst mikilvægt að bjóða upp á þennan kost þar sem nokkuð var um það að heilu fjölskyldurnar væru að taka þátt í mótunum og þetta er jú fjölskyldusport.

Háforgjafarmótin hafa sannað gildi sitt og hversu mikilvæg þau eru fyrir nýliða. Þessi mót gefa kylfingum öryggi og sjálfstraust til að fara út á völl að spila og taka þátt í öðrum mótum á vegum Golfklúbbsins. Eftir síðasta mótið héldum við uppskeruhátíð, keyptur var matur frá Hard Wok sem bragðaðist frábærlega og Hafdís Skarphéðinsdóttir bakaði dýrindis marengstertu. Einnig fengu allir smá glaðning fyrir hin ýmsu afrek sumarsins og úr varð skemmtileg kvöldstund.

Í sumar var haldið nýliðanámskeið sem Árný Lilja Árnadóttir, Arnar Geir Hjartarson sáu um og var þátttaka góð. Í lok námskeiðsins héldum við 9 holu vanur/óvanur mót og einnig héldum við 9 holu gullteigamót. Það er frábært fyrir þau sem eru að stíga sín fyrstu skref í golfíþróttinni að spila af gullteigunum og höfum við hvatt kylfinga til þess að nota þá. Þetta var skemmtilegt golfsumar með frábærum hópi kylfinga sem stefna allir á að vera betri í þessari frábæru íþrótt sem golf er. Næsta sumar mun án efa verða skemmtilegt með nýjum ævintýrum á golfvöllinum.


F.h. kynningar- og nýliðanefndar

Dagbjört Rós Hermundsdóttir


Skýrsla forgjafarnefndar

Engar breytingar urðu á EGA forgjafakerfinu frá síðasta ári.

Þróun meðalforgjafar bestu kylfinga GSS:



Fjöldi með forgjöf undir 36 (Öll forgjöf skilgreind sem "virk" 2016)



Mesta lækkunin (Ekki tekið tillit til endurmats vegna ársins 2019)

Aldrei hafa fleiri náð að lækka forgjöfina en síðasta sumar. Hafa ber í huga að frá og með árinu 2016 byrja kylfingar fyrr að lækka sig þar sem upphafsforgjöfin er 54 í stað 36 áður.

Ár	Fjöldi kylfinga með lækkun
2014	26
2015	36
2016	47
2017	49
2018	37
2019	61

Röð	Nafn	2018	2019	Breyting
1	Axel Arnarsson	54,0	36,0	-18,0
2	Sigríður Svavarsdóttir	54,0	37,0	-17,0
3	Tómas Bjarki Guðmundsson	39,0	24,9	-14,1
4	Una Karen Guðmundsdóttir	32,5	20,8	-11,7
5	Halldóra Andrésdóttir Cuyler	54,0	43,0	-11,0
6	Þorsteinn M Þorsteinsson	45,0	34,5	-10,5
7	Pétur Björnsson	44,0	34,0	-10,0
8	Steinunn Sigurþórsdóttir	39,0	30,5	-8,5
9	Sylvía Dögg Gunnarsdóttir	31,5	23,7	-7,8
10	Rebekka Helena b. Róbertsdóttir	30,5	23,0	-7,5
11	Anna Karen Hjartardóttir	17,4	11,3	-6,1
12	Þórður Ingi Pálmarsson	21,8	16,7	-5,1
13	Kristján Óli Jónsson	43,0	38,0	-5,0
14	Marteinn Jónsson	21,2	16,6	-4,6
15	Róbert Óttarsson	30,3	25,7	-4,6
16	Telma Ösp Einarsdóttir	16,6	12,1	-4,5
17	Sigmundur Guðmundsson	30,2	26,4	-3,8
18	Hildur Heba Einarsdóttir	15,0	11,2	-3,8
19	Jóhanna Valdimarsdóttir	30,8	27,3	-3,5
20	Guðrún Björg Guðmundsdóttir	34,0	30,5	-3,5
21	Þórarinn S Thorlacius	34,0	30,5	-3,5
22	Helga Jónína Guðmundsdóttir	35,5	32,0	-3,5
23	Hafdís Skarphéðinsdóttir	26,3	22,9	-3,4
24	Jóhannes Friðrik Ingimundarson	31,7	28,9	-2,8
25	Rafn Ingi Rafnsson	15,2	12,5	-2,7
26	Herdís Ásu Sæmundardóttir	26,8	24,3	-2,5
27	Aldís Hilmarsdóttir	24,1	21,8	-2,3
28	Ingibjörg Ólöf Guðjónsdóttir	17,3	15,0	-2,3

29	Arnar Ólafsson	16,6	14,5	-2,1
30	Bjartmar Dagur Þórðarson	42,0	40,0	-2,0
31	Sigurður Guðjónsson	18,5	16,6	-1,9
32	Hlynur Freyr Einarsson	11,0	9,2	-1,8
33	Arnar Freyr Guðmundsson	17,6	15,9	-1,7
34	Alexander Franz Þórðarson	26,5	24,9	-1,6
35	Arnar Geir Hjartarson	2,2	0,6	-1,6
36	Jónas Már Kristjánsson	16,8	15,6	-1,2
37	Dagbjört Rós Hermundsdóttir	12,1	11,0	-1,1
38	Magnús Gunnar Gunnarsson	10,2	9,2	-1,0
39	Guðmundur Ragnarsson	13,3	12,3	-1,0
40	Ásmundur Baldvinsson	15,5	14,5	-1,0
41	Ingileif Oddsdóttir	26,1	25,1	-1,0
42	Kristbjörg Kemp	28,6	27,6	-1,0
43	Sigurbjörg Guðjónsdóttir	36,2	35,2	-1,0
44	Kristján Bjarni Halldórsson	13,7	12,9	-0,8
45	Auður Haraldsdóttir	45,7	45,0	-0,7
46	Ólöf Herborg Hartmannsdóttir	15,1	14,4	-0,7
47	Árný Lilja Árnadóttir	6,7	6,0	-0,7
48	Guðmundur Þór Árnason	10,2	9,5	-0,7
49	Sigríður Elín Þórðardóttir	12,3	11,7	-0,6
50	Andri Þór Árnason	10,6	10,1	-0,5
51	Guðmundur Helgi Kristjánsson	19,8	19,3	-0,5
52	Ágústa Sigrún Jónsdóttir	33,8	33,3	-0,5
53	Hjalti Árnason	17,7	17,3	-0,4
54	Sigurjón J Gestsson	20,2	19,8	-0,4
55	Jóhann Örn Bjarkason	4,8	4,4	-0,4
56	Hákon Ingi Rafnsson	7,5	7,1	-0,4
57	Hjörtur S Geirmundsson	11,7	11,3	-0,4
58	Guðmundur Ágúst Guðmundsson	17,1	16,8	-0,3
59	Ingvi Þór Óskarsson	6,0	5,7	-0,3
60	Atli Freyr Rafnsson	8,5	8,2	-0,3
61	Elvar Ingi Hjartarson	5,8	5,6	-0,2

Endurmat á forgjöf

Samkvæmt reglum EGA forgjafarkerfisins um endurmat á forgjöf kylfinga sem hafa skilað a.m.k. 8 gildum skorum á síðustu tveimur árum er eftirfarandi lagt til:

Nafn	Forgjöf	MSS	EASS	PD	Notuð kort	Flestir punktar	Ráðlögð aðgerð
Sylvía Dögg Gunnarsdóttir	23.7	36	30.5	5.5	8*	40	- 2 í lækkun
Tómas Bjarki Guðmundsson	24.9	38	30.5	7.5	8*	39	- 2 í lækkun

MSS: Miðgildi skora sumarsins, minnst 8 kort notuð.

EASS: Evrópu-meðaltal Stabelford skora (Mismunandi fyrir forgjafarflokka).

PD: Frávik leikmanns. (MSS – EASS).

Meira en $\pm 3,0$ => Forgjöf lækkar / hækkar um 1.

Meira en $\pm 5,0$ => Forgjöf lækkar / hækkar um 2.

Forgjafarskjöldurinn - 15 efstu

Árlega er metið hver hefur staðið sig best með reikniaðferð sem gefur lækkun úr lágri uppafsforgjöf meira vægi en sama lækkun úr hærri forgjöf. Til dæmis er álitnið meira afrek að lækka úr 10 í 5 heldur en úr 30 í 25. Sömuleiðis er talið betra að standa í stað með 5 í forgjöf heldur en 10. Útreikningur fyrir forgjafarskjöldinn krefst þess að a.m.k. fjögur skor liggi fyrir á árinu og notuð er formúlan: **2 x**

Upphafsforgjöf – 3 x Lokaforgjöf

Nr.	Nafn	Upphaf	Lok	Breyting	Fj. Hringja	Stuðull
1	Tómas Bjarki Guðmundsson	39,0	24,9	14,1	27	3,3
2	Una Karen Guðmundsdóttir	32,5	20,8	11,7	18	2,6
3	Arnar Geir Hjartarson	2,2	0,6	1,6	15	2,6
4	Anna Karen Hjartardóttir	17,4	11,3	6,1	22	0,9
5	Axel Arnarsson	54,0	36,0	18,0	8	0,0

6	Sigríður Svavarsdóttir	54,0	37,0	17,0	12	-3,0
7	Telma Ösp Einarisdóttir	16,6	12,1	4,5	20	-3,1
8	Hildur Heba Einarisdóttir	15,0	11,2	3,8	18	-3,6
9	Jóhann Örn Bjarkason	4,8	4,4	0,4	12	-3,6
10	Árný Lilja Árnadóttir	6,7	6,0	0,7	10	-4,6
11	Ingi Þór Óskarsson	6,0	5,7	0,3	13	-5,1
12	Elvar Ingi Hjartarson	5,8	5,6	0,2	10	-5,2
13	Hlynur Freyr Einarsson	11,0	9,2	1,8	7	-5,6
14	Hákon Ingi Rafnsson	7,5	7,1	0,4	15	-6,3
15	Þórður Ingi Pálmarsson	21,8	16,7	-5,1	18	-6,5


Greining á skorkortum – Meðalfjöldi högga yfir pari

Notuð voru 663 skorkort frá kylfingum af öllum getustigum, sem er svipaður fjöldi og var til grundvallar fyrir 2018. Meðalskorið var 99 en síðustu 4 ár hefur það verið 99-101 högg.

Skor á 9. holunni lækkar mest, líklega vegna þess að rauði teigurinn var færður fram.

Athyglivert er að skor á 1., 2., 6., 7. og 8. holu breytist óverulega þrátt fyrir ný vítasvæði og breytingar á golfreglum við að fá lausn úr slíkum svæðum.

Erfiðleikaröð 2019 og samanburður við 2016, 2017 & 2018



Forgjafarlisti í lok árs 2019

Skráð forgjöf í lok árs 2019, áður en árlegri endurskoðun er beitt.

Nr.	Nafn	2019
1	Arnar Geir Hjartarson	0,6
2	Jóhann Örn Bjarkason	4,4
3	Elvar Ingi Hjartarson	5,6
4	Ingvi Þór Óskarsson	5,7
5	Árný Lilja Árnadóttir	6,0
6	Hákon Ingi Rafnsson	7,1
7	Ólafur Árni Þorbergsson	7,3
8	Atli Freyr Rafnsson	8,2
9	Halldór Halldórsson	8,8
10	Hlynur Freyr Einarsson	9,2
11	Magnús Gunnar Gunnarsson	9,2
12	Arnar Már Elíasson	9,4
13	Guðmundur Þór Árnason	9,5
14	Andri Þór Árnason	10,1
15	Dagbjört Rós Hermundsdóttir	11,0
16	Magnús H Rögnvaldsson	11,0
17	Hildur Heba Einarisdóttir	11,2
18	Anna Karen Hjartardóttir	11,3

19	Hjörtur S Geirmundsson	11,3
20	Sigríður Elín Þórðardóttir	11,7
21	Stefán Pedersen	11,7
22	Sverrir Valgarðsson	11,9
23	Telma Ösp Einarsdóttir	12,1
24	Sólborg Björg Hermundsdóttir	12,2
25	Guðmundur Ragnarsson	12,3
26	Sigurgeir Þórarinsson	12,4
27	Rafn Ingi Rafnsson	12,5
28	Reynir Barðdal	12,6
29	Kristján Bjarni Halldórsson	12,9
30	Friðjón Bjarnason	13,7
31	Ragnheiður Matthíasdóttir	14,0
32	Ólöf Herborg Hartmannsdóttir	14,4
33	Steinar Skarphéðinsson	14,4
34	Arnar Ólafsson	14,5
35	Ásmundur Baldvinsson	14,5
37	Björn Sigurðsson	14,9
36	Þorbergur Ólafsson	14,9
38	Ingibjörg Ólöf Guðjónsdóttir	15,0
40	Ásgeir Björgvin Einarsson	15,5
39	Þröstur Kárason	15,5
41	Jónas Már Kristjánsson	15,6
42	Matthildur Kemp Guðnadóttir	15,6
43	Arnar Freyr Guðmundsson	15,9
44	Guðmundur Gunnarsson	16,0
45	Haraldur Friðriksson	16,5
46	Marteinn Jónsson	16,6
47	Sigurður Guðjónsson	16,6
48	Þórður Ingi Pálmarsson	16,7
49	Guðmundur Ágúst Guðmundsson	16,8
50	Svanborg Guðjónsdóttir	16,9
51	Hjalti Árnason	17,3
52	Málfriður Haraldsdóttir	17,3
53	Sævar Steingrímsson	18,5
54	Guðmundur Helgi Kristjánsson	19,3
55	Sigurjón J Gestsson	19,8
56	Una Karen Guðmundsdóttir	20,8
57	Pétur Friðjónsson	21,5
58	Aldís Hilmarsdóttir	21,8

59	Guðni Kristjánsson	21,9
60	Hafdís Skarphéðinsdóttir	22,9
61	Rebekka Helena b. Róbertsdóttir	23,0
63	Einar Ágúst Gíslason	23,7
62	Sylvía Dögg Gunnarsdóttir	23,7
64	Jónatan Eiríksson	23,8
65	Herdís Ásu Sæmundardóttir	24,3
66	Magnús Helgason	24,4
68	Alexander Franz Þórðarson	24,9
67	Tómas Bjarki Guðmundsson	24,9
69	Ingileif Oddsdóttir	25,1
70	Kristján Eggert Jónasson	25,6
71	Róbert Óttarsson	25,7
72	Bogi Sigurbjörnsson	26,2
73	Sigmundur Guðmundsson	26,4
74	Atli Freyr Kolbeinsson	26,5
75	Jóhanna Valdimarsdóttir	27,3
76	Kristbjörg Kemp	27,6
77	Gísli Kristjánsson	27,7
78	Þórhildur Ingadóttir	27,9
79	Gunnar M Sandholt	28,3
81	Auður Aðalsteinsdóttir	28,9
80	Jóhannes Friðrik Ingimundarson	28,9
83	Guðrún Björg Guðmundsdóttir	30,5
82	Steinunn Sigurþórsdóttir	30,5
84	Þórarinn S Thorlacius	30,5
85	Helga Jónína Guðmundsdóttir	32,0
86	Ágústa Sigrún Jónsdóttir	33,3
87	Hanna Dóra Björnsdóttir	33,4
88	Helga Dóra Lúðvíksdóttir	33,5
89	Pétur Björnsson	34,0
91	Guðmundur Kristján Hermundsson	34,5
90	Þorsteinn M Þorsteinsson	34,5
92	Sigurbjörg Guðjónsdóttir	35,2
93	Axel Arnarsson	36,0
94	Árni Þór Þorsteinsson	36,0
95	Ásta Valdís Guðmundsdóttir	36,0
96	Bárður Eypórsson	36,0
97	Einar Andri Gíslason	36,0
98	Frimann V Guðbrandsson	36,0
99	Gunnar Björn Rögnvaldsson	36,0
100	Gunnur Björk Hlöðversdóttir	36,0
101	Helena Jónína Svavarsdóttir	36,0
102	Hólmfríður Jóhannsdóttir	36,0
103	Jóhann Ingólfsson	36,0
104	Jón Sigurðsson	36,0
105	Katrín Gylfadóttir	36,0
106	Pétur Bjarnason	36,0

107	Reynir Bjarkan b. Róbertsson	36,0
108	Sigurbjörn Bogason	36,0
109	Selma Barðdal Reynisdóttir	36,2
110	Sigríður Svavarsdóttir	37,0
111	Karlotta S Sigurðardóttir	37,9
112	Kristján Óli Jónsson	38,0
113	Sigurbjörg Kristr Snjólfisdóttir	39,0
114	Bjartmar Dagur Þórðarson	40,0
115	Halldóra Andrésdóttir Cuyler	43,0
116	Ásgeir H Aðalsteinsson	44,0
117	Auður Haraldsdóttir	45,0
118	Erna Baldursdóttir	52,0
119	Arna Þorsteinsdóttir	54,0
120	Auður Ásta Þorsteinsdóttir	54,0
121	Árni Ingólfsson	54,0
122	Berglind Rós Guðmundsdóttir	54,0
123	Bergljót Bjarnadóttir	54,0
124	Bertína Guðrún Rodriguez	54,0
125	Brynjar Már Guðmundsson	54,0
126	Brynjar Morgan Brynjarsson	54,0
127	Dagbjört Sísí Einarsdóttir	54,0
128	Davíð Rafn Árnason	54,0
129	Dominic Þór Jónsson	54,0
130	Drífa Hrund Árnadóttir	54,0
131	Elín Helga Sæmundsdóttir	54,0
132	Emilía Ragnheiður Róbertsdóttir	54,0
133	Erna Reynisdóttir	54,0
134	Gígja Rós Bjarnadóttir	54,0
135	Gísli Kristjánsson	54,0
136	Guðbjörg Árnadóttir	54,0
137	Gunnar Atli Þórðarson	54,0
138	Gunnar Bjarki Hrannarsson	54,0
139	Hallur Atli Helgason	54,0
140	Herdís S Gunnlaugsdóttir	54,0
141	Hrannar Freyr Gíslason	54,0
142	Hrund Pétursdóttir	54,0
143	Hulda Gunnarsdóttir	54,0
144	Ingimundur Svanur Ingvarsson	54,0
145	Jakob Ásgeirsson	54,0
146	Jón Gabríel r. Marteinson	54,0
147	Jónína Inga Jónsdóttir	54,0
148	Jósef Ásgeirsson	54,0
149	Kjartan Arnarsson	54,0
150	Nanna Andrea Jónsdóttir	54,0
151	Patrekur Elí Barðdal Magnússon	54,0
152	Pálína Petra b. Magnúsdóttir	54,0
153	Pétur Valdirmarsson	54,0
154	Rakel Ýr Jakobsdóttir	54,0

155	Regína Valdimarsdóttir	54,0
156	Sara Níelsdóttir	54,0
157	Sigríður Ragna Hansen	54,0
158	Sigríður Regína Valdimarsdóttir	54,0
159	Sigurður Ingi Ragnarsson	54,0
160	Stefanía Ósk Stefánsdóttir	54,0
161	Sæmundur Ingi Jakobsson	54,0
162	Unnur Ólöf Halldórsdóttir	54,0
163	Valgerður Vilmundardóttir	54,0
164	Veigar Þór Sigurðarson	54,0
165	Þorfinna Lydia Jósafatsdóttir	54,0
166	Þorkell Vilhelm Þorsteinsson	54,0
167	Þorsteinn Hjaltason	54,0

Rafn Ingi Rafnsson, form. forgjafarnefndar



Skýrsla vallarnefndar

Á síðasta aðalfundi var kjörin ný Vallarnefd og í henni eru Guðmundur Ágúst Guðmundsson formaður, Guðmundur Þór Árnason Vallarstjóri, Rafn Ingi Rafnsson, Magnús Helgason og Arnar Geir Hjartarsson.

Nefndin kom saman snemma á árinu og var farið að skipuleggja sumarið og fara yfir vélakostinn. Það má segja að vélarnar eru ekki að yngjast og að sumar eru í betra standi en aðrar og mætti fara að huga að endurnýjun á þeim sem lakastar eru.

Völlurinn kom vel undan vetri og voraði snemma, hann var því kominn í mjög gott stand í maí og var spilað langt fram eftir hausti. Er það skoðun bæði klúbbfélaga og gesta að hann hafi sjaldan verið betri og fallegrí en í sumar. Er það mikið til að þakka okkar frábæru vallarstarfsmönnum undrir dyggri stjórn Guðmundar Þórs Árnasonar sem enn og aftur hefur sýnt okkur snilld sína í umhyrðu vallarins. Það er ekki sjálfgefið að hafa völlinn eins góðan og hann er og megum við vera stolt af okkar golfvelli.

Framkvæmdir voru þónokkrar á árinu fyrir utan hefbundna umhirðu. Það var farið í að gera nýja teiga á fimmtu brautinni og rauðan teig á þeirri sjöttu, einnig var gamli rauði teigurinn á níundu lagaður. Bætt var við skjólvegginn á æfingarsvæðinu. Nokkrir kúbbmeðlimir reistu sér með elju og dugnaði skýli fyrir golfbíla og var útbúin brú yfir skurðinn til að bæta aðgengi þeirra. Starfsmanna aðstaðan var bætt til muna og var ekki vanþörf á. Keyptir voru tveir gámar og þeir settir niður og mun þetta verða bylting fyrir starfsmenn sem hafa núna aðstöðu til að þurrka fötin sín á votviðrisdögum og aðstöðu innandyra til að setjast niður og fá sér kaffi. Jafnframt er á áætlun að koma þar fyrir salernisaðstöðu.

Nefndin kom svo saman síðsumars og fór í gerð tillagna um frammkvæmdir á næstu árum sem voru lagðar fram fyrir félagsmenn til kynningar. Vona ég að þessar tillögur verði veltinum og klúbbnum til bóta því lengi má gott bæta.

F.h. vallarnefndar

Guðmundur Ágúst Guðmundsson

Lög Golfklúbbs Sauðárkróks

1.grein

Félagið heitir Golfklúbbur Sauðárkróks. Heimilifang klúbbsins er á Hlíðarenda, Sauðárkróki. Tilgangur og markmið klúbbsins er að glæða og viðhalda áhuga á golfíþróttinni á félagssvæðinu. Klúbburinn á og rekur golfvöll og golfskála og stendur fyrir golfæfingum, golfmótum og annarri félagsstarfsemi sem tengist íþróttinni. Klúbburinn er aðili að G.S.Í. og Ungmennasambandi Skagafjarðar.

2.grein

Við golfleik skal á svæði/ velli félagsins fara eftir St. Andrews golfreglum, eins og þær eru á hverjum tíma. Staðarreglur setur stjórnin eftir því sem henni þurfa þykir. Sérhverjum félagi ber skylda til að hlíta þeim reglum, sem settar verða um leik, umferð og umgengni á golfvöllinum og um alla skála klúbbsins. Brot á þessari reglu getur varðað brottvísun úr klúbbum.

3.grein

Félagið er öllum opið. Inntökugjald er ákveðið af aðalfundi hverju sinni.

4.grein

Erlendir ríkisborgarar geta sótt um inngöngu í klúbbinn. Erlendi ríkisborgarar búsettir hér um stundarsakir greiði sömu gjöld og Íslendingar til klúbbsins. Erlendir ríkisborgarar sem ekki eru búsettir hér á landi greiða árgjald eða ævigjald samkvæmt ákvörðun stjórnar hverju sinni. Erlendir ríkisborgarar bera sömu réttindi og skyldur og aðrir klúbbsmeðlimir nema hvað þeir hafa ekki atkvæðisrétt á aðalfundum eða almennum félagsfundum. Þá eiga þeir ekki aðild að G.S.Í. eða Í.S.Í. Farandverðlaun sem þeir kunna að vinna skulu varðveitt í klúbbhúsinu.

5.grein

Aðalfundur ákveður árgjald næsta starfsárs að fenginni tillögu stjórnar. Árgjöld eru innheimt eftir sérstökum reglum er aðalfundur samþykkir hverju sinni. Þeir sem ekki standa í skilum með árgjöld sín hafa fyrirgert rétti sínum sem félagar klúbbsins og fá m.a. ekki að tka þátt í keppni, fyrr en gjaldið hefur verið greitt eða samið um greiðslu þess. Hafi félagi ekki staðið skil á gjöldum sínum um áramót, er stjórn heimilt að strika hann út af félagaskrá. Úrsögn er annars bundin við áramót enda berist hún skriflega til ritara fyrir lok desember.

6.grein

Stjórnin ákveður vallargjald utanfélagsmanna. Hún skal að jafnaði leita eftir gagnkvæmum ókeypiss aðgangi að völlum annara klúbba og auglýsa þau sambönd rækilega.

7.grein

Stjórn klúbbsins skipa 7 menn: formaður, ritari, gjaldkeri, varaformaður, form. mótanefndar, form. vallanefndar og form. unglínganefndar. Þeir skulu kosnir á aðalfundi, formaður til eins árs í senn en aðrir stjórnarmenn til tveggja ára í senn, þrjár á hverju ári. Einnig skal kjósa 3 varamenn í stjórn til eins árs í senn. Fráfarandi stjórn sér

um undirbúning kosninga. Endurkjósa má alla stjórnarmenn, en ekki eru þeir skyldugir að gefa kost á sér til endurkjörs.

8.grein

Stjórn ákveður sjálf starfstilhögun sína sbr. 9. gr. Hún getur ráðið sér launaða aðstoð og fær bein útgjöld greidd úr félagssjóði en starfar sjálf launalaust. Stjórnin kemur fram fyrir hönd klúbbsins í fullu umboði hans í öllum málum sem hann varða. Þó þarf samþykki félagsfundar til stórra ákvarðana, sem geta haft mikil fjárútlát í för með sér. Stjórnin getur tilnefnt heiðursfélaga ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi, enda fái hún fundarsamþykkt fyrir því. Stjórnin skal rækta samband við klúbbfélaga og kynna þeim mikilsverð mál er varða starfsemi klúbbsins á félagsfundum, eða með öðrum tiltækum hætti.

9.grein

Á vegum stjórnar skulu að jafnaði starfa þessar nefndir: 1. Mótanefnd, 2. Vallarnefnd, 3. Forgjafarnefnd, 4. Aganefnd, 5. Unglinganefnd, 6. Húsnefnd, 7. Fjáröflunarnefnd, 8. Kynningar og nýliðanefnd, 9. Skemmtinefnd. Í hverri þessara nefnda skulu að jafnaði vera 3 – 5 menn, tilnefndir eða kosnir á aðalfundi. Fjórar fyrst töldu nefndirnar starfa skv. reglum G.S.Í. en aðrar skv. fyrirmælum stjórnar og/eða aðalfundar.

10.grein

Aðalfund skal halda í nóvember ár hvert. Til hans skal boðað skriflega, eða á annan hátt sem stjórnin telur fullnægjandi. Tillögur til lagabreytinga, eða breytinga á starfsháttum skulu hafa borist fyrir 10.október ár hvert. Í fundarboði skal tilgreina dagskrá. Aðalfundur er æðsta úrskurðarvald í öllum málefnum klúbbsins.

11.grein

Reikningsár klúbbsins er 1.nóvember til 31.október. Endurskoðaðir reikningar klúbbsins skulu lagðir fyrir aðalfund til samþykktar.

12.grein

Þessi eru störf reglulegs aðalfundar:

1. Skýrsla stjórnar og nefnda
2. Endurskoðaðir reikningar lagðir fram.
3. Lagabreytingar.
4. Kosning stjórnar og varamanna.
5. Kosning í aðrar nefndir samanber 9.grein.
6. Kosnir tveir skoðunarmenn reikninga og tveir til vara.
7. Kosning fulltrúa á Golfþing G.S.Í og þing U.M.S.S.
8. Ákvörðun inntökugjalds
9. Ákvörðun félagsgjalda
10. Önnur mál.

13.Grein

Aðalfundur er löglegur og ályktunarhæfur um öll málefni klúbbsins sé löglega til hans boðað. Afl atkvæða ræður úrslitum á fundum. Atkvæðarétt hafa þeir félagar, sem náð hafa 16 ára aldri. 2/3 hluta atkvæða þarf til þess að samþykkja breytingar á lögum.

14.Grein

Sérstakur fundur þarf að ákveða hvort klúbburinn hætti starfi. Til þess að slík ákvörðun teljist lögmæt þurfa 2/3 hlutar félagsmanna að vera á fundi og 2/3 hlutar viðstaddra að samþykkja tillögu þess efnis. Sé þátttaka ekki næg má boða til nýs fundar inna 3ja vikna og er hann ályktunarhæfur um þetta mál sé hann löglega boðaður enda þótt fyrrgreindri fundarþátttöku sé ekki náð.

15.Grein

Þannig samþykkt á aðalfundi 24.nóvember 2011.

Stjórn og nefndir á liðnu starfsári 1. nóv. 2018 – 31. okt. 2019

Ártal miðast við lokadagsetningu rekstrarársins, 31. október.

Formaður, 2019: Kristján Bjarni Halldórsson

Varaformaður, 2018-2019: Halldór Halldórsson ^(2/2)

Ritari, 2018-2019: Dagbjört Rós Hermundsdóttir ^(2/2)

Gjaldkeri, 2019-2020: Kristján Eggert Jónasson ^(1/2)

Varamenn í stjórn:

Hjalti Árnason
Guðmundur Ragnarsson
Róbert Óttarsson

Mótanefnd:

Andri Þór Árnason, form. 2019-2020 ^(1/2)
Gunnar Sandholt
Hjalti Árnason
Kristbjörg Kemp
Pétur Björnsson

Vallar- og skipulagsnefnd:

Guðmundur Á. Guðmundsson, form. 2019-2020 ^(1/2)
Arnar Geir Hjartarson
Guðmundur Þór Árnason, vallarstjóri
Magnús Helgason
Rafn Ingi Rafnsson

Aganefnd:

Halldór Halldórsson, form.
Reynir Barðdal
Stefán Pedersen

Unglinganefnd:

Helga Jónína Guðmundsdóttir, form. 2018-2019 ^(2/2)
Hanna Dóra Björnsdóttir
Ingólfur Sigfússon
Selma Barðdal
Sylvía Dögg Gunnarsdóttir

Kynningar- og nýliðanefnd:

Dagbjört Hermundardóttir, formaður
Erna Baldursdóttir
Guðrún Björg Guðmundsdóttir
Herdís Á Sæmundardóttir
Hafdís Skarphéðinsdóttir

Forgjafarnefnd:

Rafn Ingi Rafnsson, formaður
Halldór Halldórsson

Hús- og sjoppunefnd:

Skemmtinefnd:

Fjáröflunarnefnd:

Vetrarstarfsnefnd:

Kristján Bjarni Halldórsson, formaður
Dagbjört Rós Hermundsdóttir
Kristján Eggert Jónasson

Sveitastjórar:

Karlasveit: Hjörtur Geirmundsson
Kvennasveit: Árný Lilja Árnadóttir

Skoðunarmenn reikninga:

Haraldur Friðriksson
Sigmundur Guðmundsson

Vara skoðunarmenn reikninga:

Magnús Helgason
Pétur Friðjónsson

Tillaga að stjórn og nefndum GSS fyrir starfsárið 2020

Formaður, 2020: Kristján Bjarni Halldórsson

Varaformaður, 2020-2021: Halldór Halldórsson ^(1/2)

Ritari, 2020-2021: Dagbjört Rós Hermundsdóttir ^(1/2)

Gjaldkeri, 2020 -2021: Kristján Eggert Jónasson ^(2/2)

Varamenn í stjórn:

Hjalti Árnason

Guðmundur Ragnarsson

Róbert Óttarsson

Mótanefnd:

Andri Þór Árnason, form. 2019-2020 ^(2/2)

Hjalti Árnason

Kristbjörg Kemp

Pétur Björnsson

Ragnheiður Matthíasdóttir

Vallar- og skipulagsnefnd:

Guðmundur Á. Guðmundsson, form. 2019-2020 ^(2/2)

Guðmundur Þór Árnason, vallarstjóri

Magnús Helgason

Rafn Ingi Rafnsson

Þórður Karl Gunnarsson

Aganefnd:

Halldór Halldórsson, form.

Reynir Barðdal

Stefán Pedersen

Unglinganefnd:

Helga Jónína Guðmundsdóttir, form. 2020-2021 ^(1/2)

Magnús Barðdal Reynisson

Margrét Helga Hallsdóttir

Róbert Óttarsson

Sigríður Garðarsdóttir

Sylvía Dögg Gunnarsdóttir

Kynningar- og nýliðanefnd:

Dagbjört Hermundardóttir, formaður

Erna Baldursdóttir

Guðrún Björg Guðmundsdóttir

Herdís Á Sæmundardóttir

Hafdís Skarphéðinsdóttir

Forgjafarnefnd:

Rafn Ingi Rafnsson, formaður

Halldór Halldórsson

Húsnefnd:

Skemmti- og sjoppunefnd:

Sigríður Svavardóttir, formaður

Auður Haraldsdóttir

Halldóra Andrésdóttir Cuyler

Kristrún Snjólfisdóttir

Unnur Ólöf Halldórsdóttir

Fjáröflunarnefnd:

Sveitastjórar:

Karlasveit: Hjörtur Geirmundsson

Kvennasveit: Árný Lilja Árnadóttir

Skoðunarmenn reikninga:

Haraldur Friðriksson

Sigmundur Guðmundsson

Vara skoðunarmenn reikninga:

Magnús Helgason

Pétur Friðjónsson

Tillaga til aðalfundar að gjaldskrá fyrir 2020

Félagsgjöld	2019	2020	Inneign í sjoppu
Fjölskyldugjald	91.900	111.000	2 x 10.000
Hjónagjald	83.600	98.000	2 x 10.000
Hjónagjald 67 og eldri	65.800	78.500	2 x 10.000
Einstaklingsgjald	54.300	62.000	10.000
Einstaklingsgjald 67 ára og eldri	33.000	49.000	10.000
17-26 ára	27.300	28.600	
13-16 ára	21.300	23.400	
12 ára og yngri	17.600	18.200	
Byrjendagjald fjölskyldu	58.800	74.600	2 x 10.000
Byrjendagjald hjóna	52.800	66.800	2 x 10.000
Byrjendagjald einstaklings	33.000	41.200	10.000
Aukaaðild hjón		66.800	2 x 10.000
Aukaaðild einstaklingur	34.500	41.200	10.000

Hér eru nokkur atriði varðandi gjaldskrá og réttindi:

- Golfskóli er innifalinn í árgjaldi (þ.m.t. fjölskyldugjaldi) fyrir 16 ára og yngri.
- Börn sem eru ekki í félaginu borga sérstaklega fyrir golfskólann 10 þús. kr. fyrir mánuðinn.
- Aukaaðild gerir kröfu um viðkomandi sé félagi í „aðalklúbbi“ og veitir full réttindi í félagstarfinu.
- Fjölskyldugjald er í boði fyrir fólk með börn á framfæri, 16 ára og yngri.
- Mótanefnd getur heimilað kylfingi sem er utan klúbba að taka þátt í keppni án forgjafar og greiðir viðkomandi þá 1000 krónu álag á mótsgjaldið.

Vallargjöld	2019	2020
Vallargjald einstaklings	3.500	4.000
Vallargjald hjóna	5.500	6.000
16 ára og yngri greiða hálfvallargjald		
Helgarpassar og vikugjöld eru aflögð.		

Önnur gjöld	2019	2020
Leiga á kylfum	2.000	2.000
Leiga á kerru	500	500
Hópur lokar velli 2,5 klst	90.000	90.000
Hópur lokar velli 5 klst	160.000	160.000

Golfskáli að Hlíðarenda og veitingar eru ekki innifaldar í gjaldi ef hópur lokar velli í tiltekin tíma.

Vallargjald er óháð fjölda hola sem leiknar eru.